

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um breytinga á lögum um sjúkraskrár og landlækni og lýðheilsu (miðlun sjúkraskrárupplýsinga milli landa). 904. mál, lagafrumvarp. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis sem sent var Sjúkratryggingum Íslands þann 16. apríl sl. Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytinga á lögum um sjúkraskrár og landlækni og lýðheilsu (miðlun sjúkraskrárupplýsinga milli landa). Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá var það ekki kynnt í samráðgátt og hefur Sjúkratryggingum ekki verið kynnt efni þess fyrr en nú. Stofnunin þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að senda umsögn vegna frumvarpsins.

Áhrif lagasetningar

Sjúkratryggingar telja að með frumvarpi þessu sé stigið mikilvægt skref í að tryggja gæði, samfellu og öryggi meðferðar og annarrar heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Með sama hætti er verið að tryggja betri og öruggari lyfjameðferð notenda heilbrigðisþjónustu.

Þannig er frumvarpið til þess fallið að koma í veg fyrir sóun innan heilbrigðiskerfisins, þ.e. veitingu óþarfrar þjónustu eða ófullnægjandi/rangra lyfjaávisana, sem ekki hefði verið veitt eða ávísað ef heilsufarssaga hefði legið fyrir við ákvörðunartöku. Sem dæmi má nefna tilvik þar sem breytingar hafa verið gerðar á lyfjanotkun vegna sjúkdómsástands/heilsufarssögu, t.a.m. vegna fylgikvilla sem notandi hefur orðið fyrir vegna fyrri notkunar á lyfinu. Hættan er sú að ef veitandi heilbrigðisþjónustu er ekki með umræddar upplýsingar þá ávísi hann lyfjum sem sýnt hefur verið að ná ekki tilætluðum meðferðarárangri, hafi valdið erfiðum fylgikvillum eða fari ekki saman með annarri lyfjanotkun viðkomandi. Þannig gæti komið upp sú staða að gefin er út ný lyfjaávisun án þess að lyfjaskammtur sé kláraður. Þetta getur falið í sér mikið óhagræði fyrir notendur heilbrigðisþjónustu og getur haft alvarleg áhrif. Þá er í ljósi nýlegra dæma um skort á tilteknum lyfjum hér á landi nauðsynlegt að reyna með öllu að koma í veg fyrir óþarfa sóun lyfja. Sömu sjónarmið eiga við um veitingu heilbrigðisþjónustu, meðferðir og rannsóknir og líta skal til þeirrar hagræðingar sem af þessari heimild til upplýsingaöflunar getur hlotist, sérstaklega fyrir tiltekin svið heilbrigðiskerfisins þar sem mikið álag ríkir. Þannig er ljóst að nái frumvarpið fram að ganga muni það hafa jákvæð áhrif á heilbrigðiskerfið í heild sinni og þar auki

jákvæð fjárhagsleg áhrif þar sem útgjöld Sjúkratrygginga vegna óþarfra meðferða, rannsókna, lyfjagjafa o.fl. myndu lækka.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjúkratrygginga

Elsa Gísladóttir, lögfr.

Skjal þetta er undirritað með rafrænni undirskrift

Afrit:

- Heilbrigðisráðuneytið

